

Umsögn um þingsályktun.

Hér er komin fram þingsályktunartillaga sem er greinilega hugsað sem verkfæri til að miðla pólitískri stefnumótun á málefnasviði. Sem starfsmaður háskóla á Íslandi síðastliðin 5 ár sé ég nokkur mál sem þarfnast betri skýringa í þessari Þingsályktun og þeirri greinargerð sem henni fylgir. Byrjum fyrst á tilteknum töluliðum þingsályktunarinnar.

1.2 Áhugavert er að Iðjuþjálfun er ekki talin meðal þeirra greina í heilbrigðisvísindum sem skipta miklu máli til að takast á við öldrun þjóðarinnar. Iðjuþjálfun er lykilfræðasvið að hjálpa m.a. heldri einstaklingum til sjálfstæðis og að gera þeim kleift að búa lengur í heimahúsum með tilheyrandi þjónustu. Þetta er grein sem eingöngu er kennd í Háskólanum á Akureyri og merkilegt að slík grein skuli gleymast í þessari upptalningu.

1.3 Vel má vera að fjöldi háskóla á Íslandi sé mikill og það er á forræði stjórnvalda að vinna með slíka stöðu, skólarnir munu ekki sjálfir leiða slíkar sameiningar enda ekki þeirra hlutverk. Samstarf getur aukist og það hjálpar til í ýmsum málaflokkum en ljóst er að kröfur sem gerðar eru til háskóla eru sívaxandi og kalla á sérhæft starfsfólk sem minni skólar eiga sérstaklega erfitt með að hafa á sínum snærum og hafa skólarnir því sameinast um ýmiskonar þjónustu svo sem persónuverndarfulltrúa svo dæmi sé tekið.

Gefið er í skyn að litlir skólar fari illa út úr alþjóðlegri samkeppni. Ég held að samkeppni hafi áhrif á alla skólana og marga til góðs. Lítil skóli verður enn frekar að marka sér sérstöðu til að lifa af og getur þannig verið á ákveðinni syllu og þannig gert mikið úr sinni sérstöðu sem myndi mögulega drukkna í stærri skóla með meira flækjustigi. Stór háskóli getur líka farið yfir hagkvæm stærðarmörk með miklu flækjustigi og þannig lent í óhagræði stærðarinnar.

1.4. Sameiginleg innritunargátt. Það kom háskólunum mjög á óvart þegar þetta verkefni ráðuneytisins fór í loftið. Tilgangur þess var óljós umfram það að bæta upplýsingagjöf til væntanlegra stúdenta að geta borið saman námsleiðir og námsform við val á námi og skóla. Slík upplýsingasíða var í raun til og heitir www.haskoladagurinn.is vel hefði mátt aðlaga þá síðu til að bæta upplýsingagjöf og bæta samanburð. Stundum hefur heyrst úr ráðuneytum háskólamála að ekki sé vitað hvað margir einstaklingar standi bak við allar umsóknir um háskólanám. Þessar upplýsingar hefði ekki verið mikið mál að fá með kennitölulistum frá sjö umsóknargáttum háskólanna (að sjálfsögðu með leyfi Persónuverndar) þá hefði verið auðvelt fyrir ráðuneytið að skoða hvaðan umsóknir koma í skólana, og hvað margir einstaklingar eru að baki þeim heildarfjölda umsókna sem berast. Hvernig ráðuneytið ætlar að nýta sér slíkar upplýsingar í stefnumarkandi tilgangi er mér þó hulið. Ekki er hægt að stýra fjárveitingum til skóla byggt á umsóknartölum. Hér er um „markað“ að ræða og væntanlegir stúdentar meta kosti og galla hvernar námsleiðar sem sótt er um og taka þannig ákvörðun um hvert farið verður þegar fyrir liggur hvaðan jákvætt svar berst. Þessi umsóknargátt er ekki til að stýra flæði inn í skólana eins og þekkest á norðurlöndum. Okkur hefur allavega ekki verið kynnt verkefnið á þeim nótum. Fryst reiknilíkan hafa verið skýr skilaboð stjórnvalda að frjáls eftirspurn á ekki að fá að ráða hvaða skólar fá fjármagn tengt inntöku stúdenta og hverjir ekki.

1.5. Nýtt reiknilíkan sem stýrir úthlutun til háskólanna hefur verið í umræðunni síðan 2016 þegar magntölur í líkaninu voru frystar og háskólar sem fjölga stúdentum eftir þann tíma var ekki greitt fyrir slík viðbótar nemendaígildi. Oft komu þó tiltekin viðbótarframlög eftir á sem viðurkenndu þá skekkju sem Háskólinn á Akureyri bjó og í raun býr enn við. Slíkt fyrirkomulag skapar ekki neinn fyrirsjáanleika í rekstri háskóla. Háskólinn á Akureyri fór í gegnum mikið vaxtarskeið frá frystingu og var jafnvel hundruðum nemendaígilda undir í fjármögnun. Fyrir óinnvígða lítur út við lestur fjárlaga

að verið sé að útdeila fjármagni, allavega að hluta, miðað við kostnaðarkrafta (cost drivers) sem sagt fjölda nemenda en svo var bara alls ekki. Líkanið var bara fryst. Þessi staða neyddi HA til að setja almennar fjöldatakmarkanir á nemendafjölda einn íslenskra opinberra háskóla. Setja þurfti þök á inntöku nýnema í öllum deildum þar með talið þeim sem eru samfélagslega mikilvægar. Tilgangur þessara takmarkana var að tryggja gæði og passa upp á álag á starfsfólk okkar en stúdentafjöldinn setti miklar kröfur á okkar akademísku starfsmenn sem oft voru að sligast undan álagi. Ekki var nægur fyrirsjáanleiki í fjármögnun til að hægt væri að heimila ráðningar til að jafna álaginu. Það var því af gæða- og mannauðsástæðum sem við vorum neydd til þess að takmarka inntöku í skólann. Nú þarf að hætta að tala um nýtt líkan og setja alvöru í að klára þessa vinnu og tryggja gegnsæi og festu í framlögum til háskólanna til framtíðar.

1.7. Aukin alþjóðavæðing. Hver er undirliggjandi tilgangur með því að stefna að fjölgun erlendra stúdenta í íslensku háskólakerfi sem þegar er undirfjármagnað í samanburði við Norðurlöndin og jafnvel meðaltöl OECD ríkjanna. Er kannski markmiðið að auka við meistara og doktorsnema til að koma hér og vinna og verða hluti af íslensku rannsóknar og vísindaumhverfi? Það væri vel réttlætanlegt en kemur ekki skýrt fram í skjalinu. Eða er ætlunin er að auka við erlenda háskólanema í grunnnámi? Ef svo er þarf að kenna heilar námsbrautir á ensku. Er það í samræmi við stefnu stjórnvalda um að standa vörð um íslenska tungu? Nú má alls ekki skilja þetta sem svo að ég hafi eitthvað á móti erlendum stúdentum langt því frá, en það verður líka að horfa á hið praktíska viðfangsefni sem verið er að leysa að íslenskt háskólakerfi er vanfjármagnað og það verður ekki leyst með erlendum nemendum sem ekki greiða sérstaklega fyrir að þiggja hér nám fjármagnað af íslenskum skattgreiðendum að langstærstum hluta.

Vel þekkt sú staðreynd að háskólamenntun meðal Íslendinga af erlendum uppruna er allt of lítil. Ætti við frekar að leggja áherslu á stuðning við þá á framhaldsskólastigi til að gera þeim kleift að leita inn í íslenska háskóla en að sækjast eftir erlendum stúdentum hingað í almennt grunnám.

Einn hópur enn er hér sem þarf að sinna betur en það eru háskólamenntaðir innflytjendur sem koma hingað til lands en fá ekki gráður sínar eða reynslu viðurkennda. Nýleg rannsókn Fjölmenningsseturs (-sjá Fréttablaðið 11. mars) sýnir fram á að útlendingar bæði innan og utan ESB fá ekki viðurkenningu á námi og reynslu sinni og eru því ofmenntuð miðað við núverandi starf. Þetta er soun sem taka þarf á og þar geta háskólar vafalaust lagst með á árarar. Taka mætti upp raunfærnimat til að gera þessu fólki kleift að fá viðurkenningu á sínu námi eða námshluta til að gera þeim kleift að klára nám sem er viðurkennt hér á landi. Vel er þekkt hér á landi að jafnvel hámenntaðir einstaklingar vinna við ræstingar eða einföld þjónustustörf meðan skortur er á fólki í þessum greinum hér á landi. Hér er ekki verið að tala um að slá af kröfum heldur frekar að nýta mannauð sem við höfum í formi vel menntaðra innflytjenda. Þetta ætti að mínu mati að vega þyngra en skiptinám erlendra háskólanema á grunnstigi háskólamenntunar þó eitt útiloki ekki annað sé nægt fjármagn tryggt.

1.8 Aukið jafnvægi kynjanna í háskólum landsins.

Hér er málaflökkur sem ekki er sanngjarnt að ætla háskólum einum að takast á við. Þetta er verkefni sem verður að hefjast í grunnskólum og ná í framhaldsskóla og efla þar áhuga sérstaklega drengja á háskólanámi og þeim tækifærum sem í því felast. Sívaxandi hlutfall drengja er hvorki á vinnumarkaði né í námi. Þetta er mjög varhugaverð samfélagsþróun sem verður að horfa til allra skólastiga með úrlausnir. Háskólar hvort sem þeir eru margir eða fáir leysa ekki þetta vandamál einir og sér.

Í greinargerðinni sem fylgir þingsályktuninni kemur fram sú fullyrðing að þegar framlag til háskóla byggist að svo stórum hluta á fjölda nemenda sé það áhersla skólanna að hámarka fjöldann í lægstu reikniflokkunum og leggja þannig áherslu á magn en ekki gæði. Ég fullyrði, byggt á minni reynslu, að þetta hefur aldrei verið í umræðunni við HA. Við höfum hins vegar ítrekað rætt námsleiðir sem eru samfélagslega mikilvægar og hvort við getum með einhverjum hætti staðið sérstaklega við bakið á þeim til dæmis varðandi aðgangstakmarkanir. Þessar námsleiðir eru nær undantekningalaust í hærri verðflokkum reiknilíkans. Eftirspurn eftir háskólanámi ræðst af eftirspurn umsækjenda. Reikniflokkar hafa ekki haft nein áhrif á þessa umræðu hjá okkur og fjarstæða að við sópum fólki í ódýra flokka til að auka tekjur.

Gæði háskólamenntunar eru títt nefnd í þessu frumvarpi. Vísað hefur verið til stöðu íslenskra háskóla á tilgreindum listum um gæði og virkni rannsókna. Þar hafa íslenskir háskólar ekki staðið nægilega vel að mati ráðherra. Mikilvægt er í svona umræðu að einblína ekki á einn eða fáa þætti eins og til að mynda stöðu skóla á slíkum alþjóðlegum listum um rannsóknarvirkni, og alhæfa um gæði skóla út frá þeim. Gæði eru vítt hugtak. Erum við að tala um gæði í augum stúdentanna, brautskráðra, atvinnulífsins eða stjórnámálanna? Hvað með gæði í starfi eins og ánægju og líðan starfsfólks, eru það ekki líka eftirsóknarverð gæði í háskóla? Til er gæðaráð íslenskra háskóla og þar eru allir skólar teknir út og metnir reglulega (sjá nýjustu skýrslur <https://qef.is/qef-review-reports/>). Út úr því mati fá háskólarnir eina af eftirfarandi stöðum:

- Uppfyllir skilyrði (Full confidence),
- Úrbóta er þörf (Limited confidence)
- Ófullnægjandi (No confidence)

Er ætlunin að fara að greiða framlög til skólanna byggt á þessu gæðamati eða á að þvinga slíkt gæðamat í tölulega einkunn sem myndi aðgreina framlögin milli skólanna enn frekar?

Vissulegar er annar þáttur gæða sem þarf að horfa til en það er hvort verið sé að mæta kröfum samfélagsins. Atvinnurekendur spyrja í meira mæli „hvað getur þú“ frekar en „hvaða háskólagráðu hefur þú“. Er atvinnulífið eingöngu að nota háskólanám sem síu í mati á umsækjendum. Segir háskólanám eitthvað meira en að þú getir tileinkað þér nýja þekkingu því það sem atvinnulífið raunverulega þarf er ekki kennt í háskólunum og verður bara kennt í starfinu. Ef þessi tilgáta er rétt þó ekki væri nema að hluta þá er það sóun sem háskólar bera ákveðna ábyrgð á.

Háskólar eru vissulega með stórt samfélagslegt hlutverk til að tryggja samkeppnisfærni lands og þjóðar. En hvað þarf atvinnulífið til framtíðar, hver veit það?. Hér í þingsályktuninni er fullyrt að STEAM greinarnar séu forsenda áframhaldandi velmegunar. Málið er ekki svona einfalt. Þróunin er hröð og til að mynda forritun er að breytast mikið, ekki hvað síst þessi misserin þegar lausnir eins og Chat GPT eru að búa til kóða eftir lýsingum á „mannamáli.“ Er endilega best í dag að fara og læra forritun? Því getur enginn svarað. Er skynsamlegt að fólk á miðjum aldri sem nú situr við stjórnvölin ákveði hvað er „rétt menntun“ fyrir mjög óljósa framtíð. Trúir því einhver að viðmót gervigreindar sé búið til af verkfræðingum og stærðfræðingum? Vissulega þarf þeirra hugvit við hönnun, en árum saman hefur verið eftirspurn tæknigeirans eftir afburða hug og félagsvísindafólki sem vinnur með tæknimönnum að hanna viðmót gervigreindar svo það nái sem best til almennings. Er það ekki réttur einstaklingsins að velja sér nám sem heillar og fá að bera sjálf/ur ábyrgð á því að hagnýta sérþekkingu sína með þeim hætti að verða eftirsóttur starfsmaður.

Akureyri 17.3.2023

Hólmar Erlu Svansson

Iðnaðarverkfræðingur og viðskiptafræðingur MBA